

Skýrsla stjórnar starfsárið 2023



Efnisyfirlit

INNGANGUR – VSF á tímamótum	3
SKIPAN STJÓRNAR	3
Rekstur og afkoma félagsins	3
Félagatal	3
Vottanir starfsársins	4
UPPLÝSINGA-OG KYNNINGARMÁL	4
Fréttabréf og vefsvæði	4
Samfélagsmiðlar	4
VIÐBURÐIR OG VIÐURKENNINGAR	4
RÁÐSTEFNA	5
ERLENT SAMSTARF	5
IPMA KIDS.....	5
MINNING – Tryggvi Sigurbjarnarson	6
NIÐURLAG – horft fram á veginn	6

INNGANGUR – VSF á tímamótum

Árið 2024 markar tímamót að mörgu leyti fyrir VSF. Félagið verður 40 ára þann 23. maí 2024, en það eru merk tímamót sem verður fagnað sérstaklega með félagsmönnum. Jafnframt verður nýsköpunarverkefninu IPMA Kids hleypt af stokkunum á árinu, en verkefnið snýst um að auka skilning og hæfni barna á grunn- og framhaldsskólaaldri í verkefnastjórnun.

Á árinu mun framkvæmdastjóri félagsins, Theodór Ottósson, láta af störfum eftir rúmlega 12 ára starf. Ráðning hans var heillaskref fyrir félagið og í því sambandi má nefna að Theodór lyfti Grettistaki við að koma á betra skipulagi í vottunarmálum félagsins. Theodór fær sérstakar þakkir á þessum tímamótum fyrir allt sitt framlag til félagsins, þann sveigjanleika sem hann hefur sýnt, gott auga fyrir aðhaldi og heilbrigðum rekstri og hvernig hann hefur haft hagsmuni félagsins að leiðarljósi. Það verða óneitanlega stór tímamót þegar Theodór réttir keflið til nýs framkvæmdastjóra sem tekur við störfum 1. júní 2024.

SKIPAN STJÓRNAR

Á aðalfundi félagsins þann 8. mars 2023 varð töluverð endurnýjun á stjórninni eins og árið áður. Þar ber fyrst að nefna að Þór Hauksson lét af störfum sem formaður VSF eftir 10 ár í stjórn og er honum þakkað vel fyrir framlag sitt til félagsins. Einnig luku kjörtímabili sínu þau Eiríkur Steinn Búason, Íris Arnlaugsdóttir og Skúli Bjarnason. Aðeins Linda Björk Hávarðardóttir gaf kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Auk hennar bárust framboð frá Bryndísi Pjetursdóttur, Georg Kristinssyni, Írisi Dögg Jónsdóttur og Sigríði Þorsteinsdóttur. Þar sem fjögur framboð bárust í fjögur laus stjórnarsæti voru frambjóðendur sjálfkjörnir.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þann 22. mars 2023 skipti stjórn með sér verkum. Aðalbjörn Þórólfsson var valinn formaður, Hugrún Ösp Reynisdóttir varaformaður, Sigfríður Guðjónsdóttir gjaldkeri og Íris Dögg Jónsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru Bryndís Pjetursdóttir, Georg Kristinsson og Sigríður Þorsteinsdóttir og varamaður Linda Björk Hávarðardóttir. Innri endurskoðandi vottunarferils er David Lynch. Fljótlega eftir þennan fund ákvað Linda Björk að stíga til hliðar.

Rekstur og afkoma félagsins

Heildar tekjur félagsins voru einni milljón hærri en árið áður en kostnaður um hálfri milljón hærri, þannig að afkoman var nokkru betri en árið áður. Vaxtatekjur jukust mikið í því hávaxtaumhverfi sem ríkt hefur. Samdráttur hélt áfram í félagsgjöldum. Þá lækkuðu tekjur af vottunum um 850.000. Helsta orsök þess er að engin kennsla var í MPM náminu í HR og varð félagið af tekjum af rúmlega 30 D stigs vottunum. Verið er að skipuleggja nýtt nám þar sem inntökuskilyrði eru á pari við C stigs vottun. VSF hefur gert samning við HR um að leiða C stigs vottunarferli í náminu, það mun fyrst gerast haustið 2025. Ráðstefnutekjur voru afbragðs góðar og bættu þannig uppi minni tekjur af annarri starfsemi. Ljóst er að ráðstefnutekjur þurfa áfram að hjálpa til við rekstur félagsins Jákvæð niðurstaða varð af rekstri félagsins.

Félagatal

Alþjóðasamtök verkefnastjórnunarfélaga IPMA innheimtir félagsgjald af hverjum greiðandi félagi. Samkvæmt IPMA talningu eru félagar í VSF árið 2022 samtals 222, en voru 223 árið áður. Hvert fyrirtæki telur skv. IPMA sem 5 greiðandi félagar. 32 fyrirtæki voru aðilar að VSF, jafn mörg og árið áður, 59 einstaklingar, voru 66 árið áður. Þá voru 21 nemi með félagsaðild. Félagar sem fá sent fréttabréf frá félaginu eru rétt tæplega 340, voru um 350 fyrir ári síðan.

Vottanir starfsársins

Vottunum ársins 2023 fækkaði töluvert. Þrjú opin vottunarferli voru í boði og tveir nemenda hópar mættu í vottun.

Ár	A stig	B stig	C stig	D stig	Alls
Frá upphafi (1997)	1	90	211	2322	2624
2021		0	6	133	139
2022	2	5	121		128
2023	1	8	97		106

Taflan sýnir þá sem lokið hafa vottunarferli á árinu

Samstarf við menntastofnanir og kynningar varðandi vottun voru 6 á árinu, þar má nefna Meistaránám í verkefnastjórnun við Háskóla Íslands, Verkefna og leiðtogaþjálfun hjá Endurmennt HÍ, APME námskeið hjá Opna háskólanum og námskeið hjá Akademies. Eins og getið er um hér að framan hafa stjórnendur MPM námsins hjá HR ákveðið að ráðast í breytingar á náminu og gera kröfu til umsækjanda um reynslu sem svarar til IPMA C stigs. Af þessum sökum var MPM námskeið ekki í boði sl. haust og engir nemar frá þeim í D stigs vottun, en nemendafjöldi hefur að jafnaði verið 30 – 36 nemar.

UPPLÝSINGA-OG KYNNINGARMÁL

Miðlun upplýsinga um starfsemi félagsins er með ýmsum hætti, aðallega þó rafrænum; með fréttabréfum, auglýsingum og færslum á samfélagsmiðlum.

Fréttabréf og vefsvæði

Á árinu 2023 hafa verið send út 17 rafræn auglýsinga- og fréttabréf til félagsmanna með kynningum á fundum og viðburðum auk upplýsinga og fróðleiks sem stjórn félagsins telur að eigi erindi við félagsmenn. Mailchimp segir okkur að rúmlega 5000 tölvupóstar hafi verið sendir félagsmönnum. Félagið heldur úti vefsvæði fyrir félagið www.vsf.is. Þar má finna upplýsingar um félagið, vottunarferlið, fundi og viðburði VSF er einnig skráð fyrir lénunum www.verkefnastjornun.is og www.ipma.is, en það vísar á vsf.is.

Samfélagsmiðlar

Notkun samfélagsmiðla varð töluvert markvissari á árinu 2023 en fyrri ár, en félagið heldur núna úti bæði Facebook síðu og reikningi á LinkedIn. Svo virðist sem að LinkedIn skili nokkuð góðum árangri, því með „lækum“ og deilingu færslna stjórnarmeðlima geta færslur fengið töluverða athygli. Þannig komu færslur á LinkedIn um 17.000 sinnum fyrir augu fólks yfir allt árið og þar af náði ein færsla í tengslum við haustráðstefnuna til um 2.000 notenda.

VIÐBURÐIR OG VIÐURKENNINGAR

VSF stóð fyrir fjölbreyttum viðburðum á starfsárinu. Í töflu 1 má sjá samantekt helstu viðburða félagsins á starfsárinu;

Tafla 1 Yfirlit helstu viðburða á vegum VSF á starfsárinu

Dags	Staður	Viðburður / erindi	Framsaga / ábyrgð
12.1.2023	Fjarfundur	Endurnýjun grunnkerfa fjármálamarkaðarins	Reiknistofa bankanna
13.1.2023	Fjarfundur	Kynningarfundur um IPMA vottun verkefnastjóra	Theodór Ottósson

Dags	Staður	Viðburður / erindi	Framsaga / ábyrgð
27.1.2023	Fjarfundur	Hver er uppskriftin af árangursríkum teymum	Kristrún Anna Konráðsdóttir
8.2.2023	Háskóli Íslands	Megaverkefni: hvað á að gera og hvað á ekki að gera?	Arturas Kuliesas,
8.03.2023	Engjateigur 9	Aðalfundur	
26.4.2023	Fjarfundur	Grunnatriði verkefnaáætlana	Aðalbjörn Þórólfsson
11.09.2023	Fjarfundur	Kynning á vottun verkefnastjóra	Theodór Ottósson
22.9.2023	Fjarfundur	Undirbúningur verkefna	Hugrún Ösp Reynisdóttir
11.10.2023	Fjarfundur	Forgangsröðun verkefna og stjórnun verkefnaskrár.	Aðalbjörn Þórólfsson
25.10.2023	Fjarfundur	Sjálfsvitund stjórnenda: Líttu fyrst í eigin barm.	Sóley Ragnarsdóttir
2.11.2023	Hilton Nordica	Ráðstefna VSF	Stjórn VSF
3.11.2023	Engjateigur 9	Vinnustofa – Verkefni án áhættu - Hagnýt þjálfun í að efla seiglu verkefna	Arturas Kuliesas

RÁÐSTEFNA

Mæting á haustráðstefnuna 2022 var góð og stjórn taldi mikilvægt að byggja á því gengi og helst gera enn betur. Þar sem nýlega höfðu komið fram stórar breytingar eins og almennt aðgengi að spunagreind (Generative AI) og áherslur á sjálfbærni þá var ákveðið að kalla ráðstefnuna „Verkefnastjórnun á tímamótum“. Fyrir fram var búist við svipuðum fjölda og árið áður, eða í kringum 130 manns með fyrirlesurum. Kynningarmálin gengu vel og þátttaka varð vonum framar, því um 200 manns mættu á ráðstefnuna. Þetta kallað m.a. á að færa þurfti viðburðinn í stærsta salinn á Hotel Nordica, sem gekk sem betur fer upp með ekki löngum fyrirvara.

Að lokinni ráðstefnu var send út ánægjukönnun og svöruðu 94 þátttakendur henni, eða um 50%. Niðurstöður hennar voru að 63% töldu ráðstefnuna vera mjög góða, 35% góða og 2% hvorki góða né slæma. Það er því ljóst að 98% svarenda voru ánægðir með ráðstefnuna, sem verður að teljast afar gott. Í endurgjöf ráðstefnugesta kom einnig skýrt fram að væntingar fólks eru ekki aðeins til góðs innihalds erinda heldur er gerð rík krafa til grípandi framsetningar fyrirlesara.

ERLENT SAMSTARF

Erlent samstarf félagsins var áfram að mestu í formi fjarfunda. Framkvæmdastjóri og formaður tóku þátt í fjölmörgum fjarfundum á vegum IPMA og NORDNET fundum. Vorfundir aðildarféлага IPMA, CoD (Council of Delegates) og CSP (Certification System Panel) eru núna festir í sessi sem rafrænir fundir. Á haustin hittast aðildarfélög hins vegar enn þá augliti til auglits, að þessu sinni í Sevilla á Spáni 21. – 24. september. Aðalbjörn Þórólfsson, formaður VSF, sótti CoD fundinn

og ráðstefnu sem haldin var samhliða fundinum. Jafnframt sótti Íris Dögg Jónsdóttir viðburðinn til að fá upplýsingar um og hljóta þjálfun í tengslum við IPMA Kids.

IPMA KIDS

Upphaf IPMA Kids má rekja til þess að núverandi stjórnarmeðlimur hafði lengi velt fyrir sér hve gagnlegt það er fyrir börn að kynnast hugsunarhætti verkefnastjórnunnar, sem nýtist manni í öllum þeim verkefnum sem tekist er á við. Stjórn hefur fylgst með mótun og þróun afurðarinnar frá haustinu 2022. Ári síðar eða haustið 2023 fékk IPMA Kids alþjóðlega vottun frá IPMA, á sama tíma undirritaði Verkefnastjórnunarfélag Íslands (VSF) undir samning við IPMA vegna afurðarinnar IPMA Kids. Með

samningnum fær félagið aðgang að IPMA Kids afurðinni og getur hafið kynningu á IPMA Kids sem er verkefnastjórnun aðlöguð að börnum. Verkefnið er á byrjunarstigi, en búið er að móta innleiðingarstefnu og verið er að vinna að því komast í samstarf við grunnskóla.

IPMA Kids er óformlegt nám, þar sem börn læra með því að gera (e. Learning by doing). IPMA Kids er klárað á einni vinnustofu sem er miðuð við eina kennslustund. Í upphafi er verkefnastjórnun kynnt og í kjölfarið er verkefni lagt fyrir börnin. Hver vinnustofa byggir á ákveðni hæfnipækkingu, byggt á hæfnirammanum ICB4Kids, sem þarf að notast við og tileinka sér við úrlausn verkefnis. Á vinnustofu IPMA Kids læra börnin að vinna saman í hóp, styðja hvort annað, bera virðingu fyrir hvort öðru, leysa vandamál á með skynsemi á skipulagðan hátt ásamt því að gera sér grein fyrir ólíkum hagsmunum og nálgunum að sama verkefni. Ef óskað er frekari upplýsinga um IPMA Kids þá er hægt að hafa samband í tölvupóstfangið ipmakids@vsf.is

MINNING – Tryggvi Sigurbjarnarson

Tryggvi Sigurbjarnarson var meðal frumkvöðla verkefnastjórnunar á Íslandi. Hann lést þann 12.6. 2023, 87 ára að aldri. Tryggvi og sat í fyrstu stjórn Verkefnastjórnunarfélagsins og tók síðan við sem formaður félagsins. Síðar var hann ráðinn sem fyrsti framkvæmdastjóri félagsins. Tryggvi stóð fyrir fjölda námskeiða um verkefnastjórnun sem hann kenndi sjálfur og í samstarfi við aðra.

Tryggvi hélt tryggð við fagið og félagið alla tíð, aðstoðaði Morten Fangel, vin sinn, við kennslu í verkefnastjórnun í HR, var félagi í Vitringunum sem eru gamlir frumkvöðlar í beitingu aðferðarfræði verkefnastjórnunar á Íslandi og funda mánaðarlega yfir vetrartímamann.

NIÐURLAG – horft fram á veginn

Eins og fram hefur komið er VSF á tímamótum í margs konar skilningi. Einnig er ljóst að félagið hefur verið í ákveðinni varnarbaráttu undanfarin ár og stjórn VSF er einhuga um að mikilvægt sé að snúa vörn í sókn. Það verkefni bíður nýs framkvæmdastjóra og eru því gerðar nokkrar væntingar til hans. Það er jafnframt upplifun þess sem þetta ritar að stjórnarmeðlimir brenni fyrir að gera veg VSF sem mestan og munu þeir því eflaust styðja vel við framkvæmdastjórnann í því verkefni.

*Fyrir hönd stjórnar,
Aðalbjörn Þórólfsson
Formaður VSF*